

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Frævinnslan Vörðusundi



Dags eftirlits	26.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Víkurhvarfi 3	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Ásta Agnes Jóhannesdóttir	ÍSAT nr.	01.10.1
Fulltrúi fyrirtækis	Jens Valgeir Óskarsson	Staðsetning	Grindavík

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fundust frávik frá kröfum í starfsleyfi og engar ábendingar eru gerðar í þessari skýrslu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunarúttekt í Frævinnsluna, vinnslu- og geymsluhúsnæði ORF Líftækni við Vörðusund 1 í Grindavík. Fasteignanúmer F2295956 01 0103 og að hluta til F2295955 01 0102. Aðstaðan í Grindavík er í iðnaðarhverfinu við Eyjabakka (einnig nefnt iðnaðarhverfi á Hópsnesi). Starfsemi fór fram í 272 m² húsnæði sem hefur nú verið selt. Frárennsli frá aðstöðunni liggur í brunn við norðurenda Vörðusunds 1 og þar í fráveitukerfi Grindavíkurbæjar.

Starfsemi ORF Líftækni var flutt úr húsinu um áramót 2016 – 2017. Haft var samband við Ástu Agnesi Jóhannesdóttur starfsmann ORF Líftækni sem sá um frágang á húsnæðinu og kom fram að aðstaðan var tæmd og þrífín og síubúnaður í gólfniðurföllum var hreinsaður og fjarlægður. Ekkert afsog var á vinnulofti og engin op á húsinu sem þörfuðust síubúnaðar. Gluggar voru sjaldan opnaðir.

Ásta Agnes sagði eftirlitsmanni einnig að vikuleg skoðun utandyra á meðan starfssemi var í húsinu hafi verið skráð og aldrei á þeim tíma sást bygg á lóðinni Vörðusund 1.

Jens Valgeir Óskarsson, fulltrúi núverandi eigenda, mætti á staðinn til þess að opna aðgang að húsnæðinu fyrir eftirlitsmann að taka það út. Núverandi eigendur nota það sem geymslu. Aðgengi að hluta merktum 01 0102 hefur verið lokað og byggt milliloft í hluta af húsnæðinu. Snyrtilegt var um að litast.

Gengið var um aðstöðuna og hringinn í kringum húsið og kannað hvort að bygg sæist í nærumhverfinu. Ekkert bygg var sjáanlegt.

ANNAÐ

Samkvæmt grein 7 í starfsleyfi skal starfsleyfið gilda til 20. apríl 2022.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.06.2018

Gottskálk Friðgeirsson